


- SKÝRINGAR:**
- Afmörkun skipulagssvæðis
 - Lóðamörk
 - Núverandi byggingar
 - Byggingarreitur
 - Götur og plön
 - Mænisstefna/afstaða húsa

SKILMÁLAR:

Stærð lóðar [m ²]	Hámarksbyggingarmagn á lóð [m ²]
Fjöldi hæða og kjallari (k)	Hámarkshæð bygginga [m]

AÐALSKIPULAG SKAGAFJÖRÐAR 2020-2035 ÞÉTTBYLISUPPDRÁTTUR mkv. 1:10.000



GREINARGERÐ

1 Forsendur, staða skipulags og markmið

Á fundi 10. fundi umhverfis- og samgöngunefndar Skagafjarðar þann 9. febrúar 2023 samþykkti nefndin framlagða skipulagslýsingu fyrir sormóttöku- og gámasvæði á Hofsósi, dags. 8. febrúar 2023 sem unnin var af Stoð ehf. Verkfræðistofu, og vísaði henni ásamt umsókn um gerð deiliskipulags til afgreiðslu hjá skipulagsnefnd sveitarfélagsins.

Á fundi 9. mars 2023 samþykkti skipulagsnefnd Skagafjarðar að leggja til við sveitarstjórn að láta vinna deiliskipulag fyrir sormóttökusvæði á Hofsósi á grundvelli skipulagslýsingarinnar. Nefndin samþykkti skipulagslýsinguna og lagði til við sveitarstjórn Skagafjarðar að samþykkja hana, heimila umsejandi að vinna deiliskipulagstillögu, að lýsingin verði send Skipulagsstofnun til umsagnar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og að hún verði kynnt almenningi skv. sömu grein skipulagslaga.

Á fundi 19. apríl 2023 samþykkti sveitarstjórn Skagafjarðar erindi umhverfis- og samgöngunefndar um að láta vinna tillögu að deiliskipulagi skv. 2. mgr 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir sormóttöku- og gámasvæði á Hofsósi á kostnað nefndarinnar. Jafnframt, að skipulagslýsingin verði auglýst skv. 5.2.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Skipulagslýsingin var auglýst frá og með 14. júní til og með 28. júní 2023 og lá frammi til kynningar í Ráðhúsinu, Skagfirðingabraut 17-21, Sauðárkróki á skrifstofutíma og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Í umsógn Skipulagsstofnunar um skipulagslýsinguna í bréfi til skipulagsfulltrúa Skagafjarðar dags. 28. júní 2024, segir að stofnunin hafi yfirfarið framlögð gögn og teji skipulagslýsinguna gara ágætlega grein fyrir skipulagsáformum. Þar sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi þar sem athafnasvæði (AT) er breytt í iðnaðarsvæði (I) og að sú breyting verði unnin samhlíða gerð deiliskipulags fyrir sama svæði.

1.1 Afmörkun skipulagssvæðis og staðhættir
Skipulagssvæðið er 11.414 m² að stærð á mótum Norðurbrautar að sunnan og Bæjarbrautar að austan. Að vestan afmarkast svæðið af vesturlóðamörkum áhaldahúss sveitarfélagsins.

1.2 Landsskipulagsstefna 2015-2026
Í landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um hvernig stjórnvöld skuli vinna að skipulagsmálum. Eitt af viðfangsefnum sem mörkuð er stefna um er: „Búsetumynstur og dreifing byggðar“ þar sem meðal markmiða er eftirfarandi; Í kafla 3.2 um „sjálfbært skipulag þéttbýlis“ segir; „Skipulag byggðar stuðli að sjálfbærri þróun þéttbýlisstaða með þéttri, samfelldri byggð, endurskipulagningu vannýtra svæða og eflingu nærsamfélags. Uppbygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis verði í samræmi við þarfir samfélagsins á hverjum tíma og til framtíðar“.

1.3 Aðalskipulag
Breyta þarf aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035, greinargerð og þéttbýlisuppdrætti fyrir Hofsósi fyrir þessa deiliskipulagstillögu. Í skipulagslýsingu fyrir breytingar á aðalskipulaginu er því lýst að hluti athafnasvæðis AT601 vestan við Bæjarbraut verður iðnaðarsvæði, I601. Breyting á aðalskipulagi og deiliskipulagstillagan eru metin samtímis eins og Skipulagsstofnunin lagði til í umsógn sinni um aðalskipulagsbreytinguna.

Afmörkun fyrirhugaðs iðnaðarsvæðis er sýnd á skipulagsuppdrætti. Um athafnasvæði nr. AT601 segir í greinargerð aðalskipulags:

„Rými er til uppbyggingar á svæði AT-601 og þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir athafnastarfsemi sem tengist sjósókn og hafnsækinni starfsemi þar sem á hafnarsvæðinu sjálfu er ekki landrými fyrir atvinnuhúsnæði.“

Tafla 6.4 á bls. 60 í greinargerð aðalskipulags sýnr skilmála fyrir athafnasvæði á Hofsósi.

„Á Hofsósi er eitt iðnaðarsvæði fyrir sormóttöku og gámalóð. Almennir er heimilt að reisa mannvirki og bygga á þessu svæði, í samræmi við deiliskipulag. Á þessu svæði er aðeins gert ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast sormóttöku, en ekki annarri starfsemi. Heimilt er að setja niður gáma á svæðinu.“

Þá bætist við tafla um iðnaðarsvæði á Hofsósi:

Nr.	Staður / Lýsing	Stærð [ha]	Núverandi [m ²]	Leifyflegt [m ²]
I-601	Sormóttöku- og gámasvæði með tilheyrandi mannvirkjum	0,66	0	200

Deiliskipulag þetta er í samræmi við aðalskipulag Skagafjarðar með umræddri breytingu.

1.4 Skipulagsreglugerð
Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 segir um íbúðarsvæði í e-lóð 6.2. gr. um athafnasvæði (AT):

„Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstöð, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslu og matvælaíðnaður.“

Þá segir í f-lið, sömu greinar, um iðnaðarsvæði (I):

„Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmíðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veltustöðvar, skólpælu- og hreinistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, soppurðunarsvæði, flokkunarmstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.“

Deiliskipulagið er í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar og skipulagslaga nr. 123/2010.

1.5 Deiliskipulag
Ekki er í gildi samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið.

1.6 Veitur
Hitaveitu-, vatns- og fráveitulagnir hafa verið lagðar í götur og hús innan skipulagssvæðisins, auk rafveitu og gagnaveitu.

Skagafjarðarveitur þjónusta svæðið með neysluvatn og hitaveitu. Fráveita er í umsáð þjónustumiðstöðvar Skagafjarðar. Upplýsingar varðandi legu strenglagna er vísað á tilheyrandi veitufyrirtæki. Ekki er gert ráð fyrir að uppbygging skv. stefnumörkun skipulagsins kalli á verulega aukningu á vatnsnotkun. Heimilt er að leggja nýjar lagnir á svæðinu eftir þörfum og skv. hönnun.

1.7 Brunavarnir
Brunavarnir Skagafjarðar sjá um brunavarnir á svæðinu. Kanna þarf hvort koma þurfi fyrir brunahana á eða við svæðið. Heimilt er að setja brunahana á svæðinu þar sem best hentar hvað varðar starfsemi, notkun og nýtingu núverandi innviða. Við val á staðsetningu skal hafa samráð við Brunavarnir Skagafjarðar og Skagafjarðarveitur.

1.8 Minjavernd
Svæðið er utan við verndarsvæði í byggð á Hofsósi. Samkvæmt fornleifaskráningu fyrir Garafaró og Hofsó, útg. Bygðsáfangi Skagafjarðar í febrúar 2001 (https://skraning.minjastofnun.is/Verkefni_1146.pdf, bls. 83 og 84) stóð bær áður náægt þessu svæði en um hann eru engin ummerki. Þá var þar hláðinn brunnur sem ekki sér móta fyrir en ef hann mun sjást við framkvæmdir á svæðinu, eða ef aðrar óþekktar minjar koma í ljós, skal fara eftir ákvæðum 2. mgr. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Leitað verður umsagnar Minjastofnunar við skipulagstillögunni.

1.9 Náttúruvá
Svæðinu stafar ekki hætta af af skriðum eða snjó- eða vatnsflóðum.

1.10 Umhverfisáhrif
Deiliskipulagið er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins í gildandi aðalskipulagi 2020-2035. Deiliskipulagið hefur það að markmiði að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að jákvæðum áhrifum á umhverfi eins og kostur er. Áformaðar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins eru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif samanber 1. viðauka laga nr. 111/2021 um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Deiliskipulagið fellur því ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umhverfismat skv. 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er hluti af skipulagsvinnunni og er til umfjöllunar í kafla 3 Umhverfisskýrsla. Umhverfisþættir sem metnir verða eru heilsa- og öryggi, félagslegir- og efnahagslegir þættir, náttúruvá, varðveislugildi og svipmót byggðar. Í skipulaginu er áframhaldandi uppbygging á svæðinu styrkt og er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag, svipmót byggðar og ásjýnd nærliggjandi umhverfis.

1.11 Tengsl við aðrar áætlanir
Markmið deiliskipulagsins eru í samræmi við tillögu að Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi frá 17. febrúar 2023.

1.12 Markmið, umsagnaraðilar og kynning
Markmið deiliskipulags eru að:

- Stýðja við leiðarljós aðalskipulags 2020-2035 fyrir Hofsósi um að stuðla að góðu aðgengi íbúa að þjónustu,
- Stuðla að snrytilegu og hreinlegu umhverfi með því að skapa forsendur fyrir uppbyggingu sormóttökustöðvar og gámasvæðis,
- Skilgreina lóðir og byggingarreiti,

- Setja byggingarskilmála.
- Umsagnaraðilar eru:
- Skipulagsstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Skagafjarðarveitur
- Rarik
- Brunavarnir Skagafjarðar

Tillaga að deiliskipulagi verður auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auglýsing birtist í blöðum og á vef sveitarfélagsins. Skipulagsgögn verða aðgengileg í Ráðhúsi Skagafjarðar að Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki á opnunartíma og á vef sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is og á vef Skipulagsgáttar, www.skiplagsgatt.is. Með því gefst umsagnaraðilum og öðrum, sem telja sig eiga hagsmuni að gæta, kostur á að yfirfara tillöguna og leggja fram ábendingar um deiliskipulagstillöguna. Leggja skal fram umsagnir á vef skipulagsgáttar með því að smella á málið og velja „Bæta við umsógn“. Að öðrum kosti er möguleiki að senda ábendingar í tölvupósti á netfangið skiplagsfulltrui@skagafjordur.is.

2 Deiliskipulag

2.1 Skipulagsuppdráttur
Skipulagsuppdráttur nr. DS-01 sýnir lóðir, aðkoma að lóðum og byggingarreiti á skipulagssvæðinu, ásamt helstu byggingarskilmálum.

Á deiliskipulagsuppdrættinum eru sýndar þrjár lóðir á svæðinu, lóð gámageymsluskvæðisins, lóð áhaldahússins og lóð sormóttökunnar. Starfsemi og umferðarsvæði sem fyrir eru á iðnaðarsvæðinu fá með deiliskipulagstillögunni skilgreindar lóðir, götur og innkeyrslur á lóðir.

2.2 Almenn
Fara skal eftir því sem skipulag þetta, gildandi skipulagsreglugerð, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir hvers tíma segja til um við framkvæmdir í tengslum við deiliskipulagið.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við breytingu á Aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 sem auglýst verður samhlíða deiliskipulagstillögunni. Þar er deiliskipulagssvæðinu breytt úr athafnasvæði í iðnaðarsvæði. Fyrir á svæðinu er starfsemi sem sveitarfélagið stendur fyrir, áhaldahúss sveitarfélagsins og geymsluskvæði þar sem einstaklingar og fyrirtæki geta fengið geymda stóra hluti, efni, áhöld, gáma og vélar, á afgirtu og læstu svæði. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir öðrætti starfsemi á þessum lóðum.

Lóðarhafar skulu gæta þess að lóðir séu snyrtilegar með sérstaka áherslu á svæðum sem snúa að nærliggjandi íbúðarhúsum. Leitast skal eftir því fremsta megni að geyma lausamuni innandyra, sé þess kostur. Heimilt er að hafa gáma og stærri muni utandyra á þeim hluta sem tilheyrir iðnaðarsvæði en leggja skal sérstaka áherslu á snyrtilegt umhverfi.

Heimilt er að koma fyrir lýsingu á svæðinu og skal það útfært í hönnun. Lýsingin skal þó vera þannig að hún stuðli að auknu öryggi fyrir notendur svæðisins. Mænistefna eða afstaða húsa er sýnd á skipulagsuppdrætti.

2.3 Umferð
Aðkoma starfsmanna að svæðinu, áhaldahúsi, gámasvæði og sormóttöku verður um nýja götu til norðurs frá Norðurbraut. Þar munu fara um tæki sem skipta um gáma í gámasvæðinum og hirða um svæðið. Að austan, frá Bæjarbraut, mun fara almenn umferð til að losa sorph í gámana. Á milli verður stöðvegurinn og landið vestan við hann verður um 80 cm lægra en austan við hann.

2.4 Lóðir og byggingarreitir
Lóð sormóttökunnar mun samkvæmt tillögunni liggja að gámasvæðinu sunnanverðu, austan við nýju götuna að þessum lóðum. Vestan við götuna verður lóð sem afmörkuð er fyrir áhaldahúsið sem fyrir er. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni verður lóð áhaldahússins 2.764 fermetrar, lóð fyrir sormóttöku 3.250 fermetrar og lóð fyrir geymsluskvæði 3.325 fermetrar, samtals 9.339 fermetrar.

2.4.1 Norðurbraut Áhaldahús, L146/707
Norðurbraut Áhaldahús verður 2.764 m² og stækkar um 464,7 m² frá skráðri stærð. Staðfang breytist einnig úr Norðurbraut í Norðurbraut Áhaldahús. Á lóðinni er aðstöðuhús og áhaldahús byggt árið 1952, byggt magn 357,7 m². Á lóðinni er einn 1.677 m² byggingarreitur. Hámarksbyggingarmagn er 7,5 m og hámarksfjöldi hæða er 2 hæði. Hámarksbyggingarmagn er 700 m² og ónýtt byggingarmagn því 342,3 m². Lóðarhafa er heimilt að byggja við núverandi byggingu eða reisa eina aðra byggingu innan byggingarreits en fara skal eftir ákvæðum byggingarreglugerðar vegna brunavarna. Þakgerð er valfrjál. Aðkoma að lóðinni er um götu sem tengist Norðurbraut um 70 m sunnan lóðamarka. Kvæð er á lóðinni um yfirferðarrétt að Bæjarbraut gámalóð eins og sýnt er á skipulagsuppdrætti. Lóðarhafa er heimilt að staðsetja bílastæði innan lóðar eins og best hentar starfseminni. Lóðarhafi skal þó ganga úr skugga um að nægur fjöldi bílastæða sé innan lóðar.

2.4.2 Norðurbraut sormóttaka
Norðurbraut sormóttaka verður 3.250 m² iðnaðar- og athafnalóð fyrir sormóttökustöð. Innan lóðar er heimilt að

fara í uppbyggingu fyrir sormóttöku. Útfærsla á skipulagsuppdrætti er leiðbeinandi og er lóðarhafa heimilt að útfæra landnotkun lóðarinnar nánar í hönnun hvað varðar steyp og malbikuð plön, staðsetningu gáma og steypa veggj. Heimilt er að steypa stöðveggi, allt að 1 m háa, bæði fyrir landmótun og til að afmarka rými fyrir sorphgáma. Aðkoma að lóðinni er um götu frá Norðurbraut og frá bæjarbraut. Aðkoman frá Norðurbraut er aðallega ætluð almenningi en aðkoman frá bæjarbraut helst hugsuð fyrir þjónustubífræiðar. Innan lóðarinnar er einn 88 m² byggingarreitur og innan hans er heimilt að reisa aðstöðuhús. Hámarksbyggingarmagn innan lóðarinnar er 100 m², hámarksbyggingarmagn er 5 m frá göfni í mæni og hámarksfjöldi hæða er 1 hæð.

2.4.3 Bæjarbraut Gámalóð
Bæjarbraut Gámalóð verður 3.325 m² iðnaðar- og athafnalóð. Enginn byggingarreitur er skilgreindur á lóðinni og ekki gert ráð fyrir byggingum. Lóðarhafa er heimilt að koma fyrir gámun á lóðinni eins og hentar en gæta skal að aðgengi og umferðarleiðum innan lóðarinnar. Aðkoma að lóðinni er um götu frá Norðurbraut og yfirferðarrétt á lóðinni Norðurbraut Áhaldahús og af Bæjarbraut eins og sýnt er á skipulagsuppdrætti. Tryggja skal að nærliggjandi byggð standi ekki ógn af gámun og öðrum munum á lóðinni.

2.5 Veitur
Lagnir fyrir hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu, rafmagn og fjarskiptu hafa þegar verið lagðar í hús á svæðinu og liggja um svæðið. Ekki er gert ráð fyrir að færa þurfi hita-, vatns- eða fráveitulagnir vegna uppbyggingar sem skipulagið gerir ráð fyrir en það er heimilt ef þarf. Breyta þarf legu háspennustrengs sem liggur um lóðina Norðurbraut sormóttaka þegar kemur að framkvæmdum í tengslum við aðstöðuhús.

Legu nýrra vatns- og hitaveitulagna skal ákveðin af tilheyrandi veitufyrirtæki í samráði við lóðarhafa. Hafa skal samráð við tilheyrandi veitufyrirtæki vegna tilfærslu strenglagna eða lagningu nýrra strenglagna.

3 Umhverfisskýrsla

Tillaga þessi að deiliskipulagi gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Samkvæmt 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er lagt mat á líkleg áhrif tillögunnar á umhverfið. Umhverfisþættir sem metnir verða eru andrúmsloft, landslag og ásjýnd byggðar, félags- og efnahagsleg áhrif, heilsa og öryggi og minjar. Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa, jákvæð áhrif, neikvæð áhrif, óveruleg eða óljós.

3.1 Andrúmsloft
Mengun af völdum ökutækja mun trúlega vaxa lítillega frá þeirri starfsemi sem fyrir er á svæðinu en ekki svo að hún valdi óþægindum fyrir íbúa. Aukningin mun verða mest á framkvæmdatíma en svo dregur úr henni að framkvæmdum loknum. Áhrif stefnumörkunar skipulagsins á andrúmsloft eru metin óveruleg.

3.2 Landslag og ásjýnd byggðar
Sú starfsemi og þær framkvæmdir sem deiliskipulag gerir ráð fyrir á svæðinu munu ekki hafa áhrif á landslag. Starfsemin verður svipuð og fyrir er en frágangur og umgengni skipulegr og vandaðri eins og markmiðið er með deiliskipulaginu. Settir eru skilmálar um snyrtilegan frágang lóða og umhverfi. Áhrif á landslag og ásjýnd byggðar metin jákvæð.

3.3 Félags- og efnahagsleg áhrif
Deiliskipulagið setur grundvöll fyrir frekari uppbyggingu innan svæðisins þar sem rými er til. Þá eru lóðamörk rétt að núverandi notkun, mælingum og sett í samræmi við hugmyndir um uppbyggingu. Félagssleg og efnahagsleg áhrif eru metin jákvæð.

3.4 Heilsa og öryggi
Starfssvæði á lóð sormóttöku verður malbikað og steinsteyp og þannig komið í veg fyrir mengun jarðvegs. Umhverfinu og fólki mun ekki hætta af starfsemi á lóðunum. Þá er gefur skipulagið heimild fyrir lýsingu á svæðinu sem skuli stuðla að auknu öryggi fyrir notendur þessi. Áhrif skipulagsins á heilsu og öryggi eru metin jákvæð.

3.5 Minjar
Innan skipulagssvæðisins eru ekki friðlystar minjar. Skipulagið setur skilyrði um notkun og snyrtilega ásjýnd svæðisins. Komi minjar í ljós við framkvæmdir skal leita samráðs við minjavörð. Skipulagið setur skilmála um umgengni og viðbrögð á svæðum þar sem minjar getu leynst. Áhrif skipulagsins á náttúru- og menningarminjar eru metin óveruleg.

3.6 Samantekt
Uppbygging sem deiliskipulag þetta gerir ráð fyrir mun heilt yfir hafa jákvæð áhrif á umhverfið miðað við núverandi stöðu. Stefnumörkun skipulagsins hefur jákvæð áhrif á landslag og ásjýnd byggðar, félagsleg- og efnahagsleg áhrif og heilsu og öryggi. Óveruleg áhrif verða á andrúmsloft og minjar.

Deiliskipulag þetta, sem hefur verið auglýst skv. ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd Skagafjarðar

þann _____ 20____ og

í sveitarstjórn þann _____ 20____

Tillagan var auglýst frá _____ 20____ með

athugasemdarfresti til _____ 20____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20____.

SKIPULAGSUPPDRÁTTUR OG GREINARGERÐ				
Dags. 29.04.2024	Hinnad/Tekniá. 1:1.000	Kvarð. A1	Útgáfa. 1.0	Uppdriftur DS01
Dags. br. --	Hinnad/ÁR/BMÁ	Blaðst. A1	Blásk. 1:1.000	Uppdriftur DS01

SKRÁ: 41840201DSK Hofsósi sormóttaka DS01.dgn